



LEB

Landssamband eldri borgara

346. Stjórnarfundur LEB – 8. September 2021

Kl. 10:00 – 12:00 – Fundurinn var haldinn á Zoom

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólffsson

Auk þeirra sat fundinn: Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp til samþykktar**
Borin upp og samþykkt.
- Áhersluatriði stjórnarmálaflokkanna varðandi eldra fólk í landinu**
Margir fundir hafa verið haldnir með áhrifaaðilum til að koma sjónarmiðum okkar fram. Alstaðar hefur okkur verið vel tekið, en aðilar gætnir í öllum yfirlýsingum; styðja skjalið sem við höfum lagt fram og vilja halda samtölum áfram ekki bara fyrir kosningar heldur á næsta kjörtímabili einnig.
- Fundur formanna aðildarfélaganna**
Fjarfundur áætlaður með formönnum aðildarfélaganna 9. september kl. 10 til að yfirfara okkar helstu baráttumál fyrir kosningarnar 25. september.
- Ferli varðandi minniháttar innkaup**
Samþykkt að skrifstofa LEB fái innkaupakort til notkunar við daglegan rekstur hennar og minniháttar útgjöld, en varðandi önnur útgjöld þá vísað á stjórn og gjaldkera félagsins eins og vera ber.
- Upplýsingar við starfslok**
Gera þarf samantekt á kynningarefni varðandi starfslok. Mörg fyrirtæki halda námskeið eða kynningu fyrir sitt fólk og eins verkalýðsfélögin. Taka þarf saman námsefni þessara aðila og kanna hvort þurfi að endurskoða og uppfæra það m.v. nútímann.
- Önnur mál**
Kosningadagurinn nálgast og rétt að LEB árétti að hugsað verði fyrir aðstöðu á kjörstöðum fyrir hreyfihamlaða.

Í vinnslu er að gera samantekt á stefnumálum flokkanna varðandi málefni eldra fólks og máta þau við áhersluatriðin sem hafa verið sett fram af LEB og aðildarfélögum þess og verið til kynningar undanfarna mánuði af fulltrúum frá LEB og öðrum fulltrúum aðildarfélaganna um land allt.

Fundi slitið 11:00

Ritari fundargerðar: Ingibjörg Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 12. október 2021